



TILLÖGUR STJÓRNAR FÍ FASTEIGNAFÉLAGS SLHF. TIL AÐALFUNDAR FÉLAGSINS ÞANN 30. APRÍL 2014

1. Ársreikningur

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2013 verði staðfestur.

2. Ráðstöfun hagnaðar/taps

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf. leggur til við aðalfund félagsins að ekki verði greiddur arður til hluthafa félagsins.

3. Þóknun til stjórnarmanna

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf. leggur til við aðalfund félagsins að hann samþykki að þóknunir til stjórnarmanna verði óbreyttar og að stjórnarlaun á tímabilinu frá aðalfundi FÍ fasteignafélags slhf. til næsta aðalfundar verði sem hér segir: Stjórnarformaður kr. 100.000 á mánuði, aðrir stjórnarmenn kr. 50.000 á mánuði og varamenn kr. 20.000 fyrir hvern setinn fund. Þó fái varamenn aldrei hærri laun mánaðarlega en stjórnarmenn.

4. Tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum félagsins

Tillaga stjórnar er að ákvæðum 1.3, 2.1, 16.1, 19.1, 19.2 og 19.3 í samþykktum FÍ fasteignafélags slhf. verði breytt og nýju ákvæði 18.4 verði bætt við samþykktir FÍ fasteignafélags slhf. Nánar tiltekið skulu fyrrgreind ákvæði vera svohljóðandi (tillögur að breytingum eru undirstrikaðar):

- i. Ákvæði 1.3: „Heimilisfang félagsins er að Amtmannsstíg 1, 101 Reykjavík.”
- ii. Ákvæði 2.1: “Ábyrgðaraðili félagsins er FÍ Fasteignafélag GP ehf., kt. 430712-1010, Amtmannsstíg 1, 101 Reykjavík.”
- iii. Ákvæði 16.1: „Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og tveimur mönnum til vara. Þar af skal ábyrgðaraðila vera heimilt að tilnefna einn stjórnarmann og skal hann jafnframt vera stjórnarformaður. Skal hann tilnefndur á aðalfundi til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu vera kosnir á aðalfundi af hluthöfum félagsins til eins árs í senn. Ábyrgðaraðila skal ávallt vera heimilt að tilnefna stjórnarmann í stað fyrri stjórnarmanns hvenær sem er á kjörtímabilinu, en skal tilkynna öllum hluthöfum skriflega um slíkar breytingar. Um rétt hluthafa til að víkja frá stjórnarmanni eða stjórnarmönnum og kjósa annan/aðra í stað hans/þeirra gilda almennar reglur.“
- iv. Ákvæði 18.4: „Varamenn taka sæti í fjarveru aðalmanna í þeirri röð sem þeir eru kjörnir á aðalfundi.“



- v. Ákvæði 19.1: „Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna, eða varamenn þeirra, tekur þátt í fundarstörfum og fulltrúi ábyrgðaraðila í stjórn félagsins sækir fund. Reynist stjórnarfundur ekki ályktunarbær samkvæmt framangreindri reglu skal stjórnarformaður boða til nýs fundar.“
- vi. Ákvæði 19.2: „Þrátt fyrir ákvæði 19(1) gr. hér að ofan má ekki taka eftirtaldar ákvarðanir nema með samþykki fjögurra af fimm stjórnarmanna félagsins eða varamanna þeirra, þ.m.t. fulltrúa ábyrgðaraðila í stjórn félagsins:
- ákvarðanir um kaup á fasteignum að undangenginni áreiðanleikakönnun.
 - ákvarðanir um ráðningu, uppsögn og kjör framkvæmdastjóra.
 - ákvarðanir um kaup eða sölu á hlutafé, hvort heldur sem er eigin hlutum eða hlutafé útgefnu af þriðja aðila.
 - ákvarðanir um sölu fasteigna og lausaffjár félagsins.
 - tillaga um kosningu endurskoðenda félagsins.
 - tillaga um úthlutun arðs.“
- vii. Ákvæði 19.3: „Þrátt fyrir ákvæði 19(1) gr. og 19(2) gr. hér að ofan má ekki taka eftirtaldar ákvarðanir án samþykkis allra stjórnarmanna félagsins eða varamanna þeirra:
- tillaga um að stytta eða framlengja starfstíma félagsins einu sinni um tvö ár, sbr. 11. gr. skilmála félagsins, dags. 25. janúar 2013.
 - ákvarðanir um viðskipti félagsins við hluthafa, ábyrgðaraðila eða tengda aðila. Með tengdum aðilum er átt við aðila sem eiga meira en 10% í hluthafa í félaginu eða ábyrgðaraðila, félög sem eru í meirihlutaeigu aðila sem eiga ofangreind félög sem og þeir einstaklingar sem eiga verulega eignarhagsmuni tengda ofangreindum félögum og aðila sem falla undir 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991.“

5. Framboð til stjórnar

Framboðsfrestur rennur út fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

6. Endurskoðandi

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf. leggur til við aðalfund félagsins að KPMG ehf. verði endurskoðunarfyrirtæki félagsins, en að Hlynur Sigurðsson muni annast endurskoðunina f.h. KPMG ehf.

7. Starfskjarastefna

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf. leggur til við aðalfund félagsins að starfskjarastefna félagsins verði samþykkt. Starfskjarastefnan er í viðauka við þetta skjal.



Reykjavík, 11. apríl 2014

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf.

Viðaukar:

1. Drög að breyttum samþykktum félagsins.
2. Drög að starfskjarastefnu félagsins.